

Nd.

254. Nefndarálit

[145. mál]

um frv. til l. um stjórn fiskveiða 1986—1987.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

1. Alþingi hefur enn þá ekki fjallað á fullnægjandi hátt um grundvallarspurningar sem vakna þegar sameiginlegum auðlindum þjóðarinnar er ávísað til einstakra útgerðarmanna.
2. Með þessu frumvarpi og fyrirrennrum þess eru stigin afdrifarík spor til smásmugulegra afskipta stjórnvalda af höfuðatvinnuvegi þjóðarinnar. Þegar hliðsjón er höfð af verðákvörðunum, launasamningum, olíuverði og allri fjármögnun sjávarútvegs er augljóst að greinin er algerlega orðin á hendi ríkisvaldsins. Embætti sjávarútvegsráðherra er jafngildi forstjórastöðu í ríkisfyrirtæki með einkaleyfi til útgerðar og fiskvinnslu á Íslandi.
3. Fylgismenn frumvarpsins hafa notað þau rök því til stuðnings að þetta fyrirkomulag samstilli veiðar og vinnslu, lækki útgerðar- og vinnslukostnað og auki gæði afurða. Engin gagnger athugun hefur þó farið fram á þessum þáttum. Fullyrðingarnar eru lítt studdar staðreyndum og vitnisburður hagsmunaaðila er mjög mismunandi. Það er óviðunandi að þessar viðamiklu stjórnunaraðgerðir séu ekki studdar með marktækum rannsóknum.
4. Þetta stjórnkerfi er alltof flókið og smásmugulegt þegar tillit er tekið til þess að afli og sókn geta tekið gífurlegum breytingum vegna utanaðkomandi aðstæðna. Þegar sveiflur í þessum þáttum geta numið tugum prósentu er út í hött að stjórna með aðferðum sem elta menn næstum upp á annan aukastaf.
5. Það er nauðsynlegt að verja íslenska fiskstofna gegn ofveiði. Slíkt á að gera með því að hemja afkastamesta hluta flotans þegar mest hætta er á ofveiði. Slíkt stjórnkerfi verður að finna. Hugmyndir Farmanna- og fiskimannasambands Íslands í því efni ætti að athuga nánar.
6. Íslenskur sjávarútvegur mun aldrei standa undir viðunandi lífskjörum ef hann er fluttur út í meðaltöl.

Undirritaður mun greiða atkvæði gegn frumvarpinu.

Alþingi, 12. des. 1985.

Guðmundur Einarsson.